

Sp.

649. Þingsályktun

[35. mál]

um kaup og sölu á fasteignum.

(Afgreidd frá Sp. 29. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta þegar í stað fara fram endurskoðun á lögum um fasteignasölu nr. 47/1938, og öðrum þar að lútandi lögum og reglum, sem um fasteignaviðskipti gilda, og gera þær hreyfingar sem nauðsynlegar eru til að tryggja betur en nú er réttarstöðu kaupanda og seljanda í fasteignaviðskiptum.

Við slíka endurskoðun skal kveða nánar á en nú er um þá viðskiptahætti sem í fasteignasölu gilda, svo sem skyldur fasteignasalans gagnvart kaupendum og seljendum fasteigna, ábyrgð þá, sem hvílir á sölu- og kaupaðilum í slíkum viðskiptum, svo og um fasteignaviðskipti á byggingarstigi.

Endurskoðunin skal einnig við það miðuð að koma í veg fyrir óeðlilega verðlagsþróun á fasteignum.